

tekið fram, að „nota alt, sem unt væri, til varnár, gefa engan gaum að fréttum frá óvinaliðinu. og verjast jafnt hvíslunum þeirra sem áhlaupum.“ Enn fremur stóð þar: „Sá sem stendur fyrir vígi eða kastala á að minnast þess, að hann ver ríkið sjálft og að það getur haft stórkostlegar afleiðingar fyrir vörn ríkisins og heill herliðsins, ef hann gefst upp einum degi of fljótt.“

Moreau var nokkrum sinnum reyndur að hreysti. Enginn gat orðið hershöfðingi hjá Napoleon, nema hann hefði sýnt hreysti. En hann var ekki drengskaparmaður að sama skapi. Hann áleit, að nú væri farið að halla fyrir keisaranum, hvort sem var, og vildi ekki leggja sig í sölurnar til ónýtis.

Hann kallaði saman herráð í setuliðinu. Það kom þá í ljós, að af skotfærum voru til 3000 venjulegar hlöðslur og 200,000 hylkjahlöðslur. Menn urðu ekki á eitt sáttir, en fleiri urðu þó á því, að halda áfram að verja kastalann. Óðara en þessum fundi var lokið, kom nýr sendimaður frá liði bandamanna með skjal nokkurt; var þar farið stórum orðum um voðaáhlaup, rán og manndráp. Nýtt herráð kom saman og vildi gefast upp; hinn pólski ofursti var sá eini, sem mælti á móti, og vildi halda áfram vörninni, en hann fékk enga áheyrn, því fremur sem hann var útlendingur.

Moreau kallaði þá sendimanninn á eintal og lét það eftir, að hann gæfist upp með því móti, að engar nauðungarálögur væru lagðar á bæinn, og setuliðinu væri leyft að fara með vopn og farangur. Bandamenn hétu því. Í skipun hershöfðingjanna stóð þó: „Þegar herráðið hefir verið kvatt tillögu, ræður hershöfðingi sá einn, sem er fyrir kastala. Hann á að taka hið öruggasta og djarfasta ráð, ef það er ekki alveg óframkvæmlegt.“

Nú fór að birta. Sendimenn komu og fóru á víxl, skotin hættu og kyrðin var eins og í herbergi dauðsjúks manns. Hermönnunum í kastalanum fór að verða órótt. Átti nú að leggja af sér vopnin eftir svo góða vörn? Menn fór að gruna margt. Hermönnunum fór ekki að finnast til um stjórnsemi hershöfðingjans, og bæjarmenn voru á sama máli. Honum var brugðið um hugleysi og föðurlandssvik.

Það var komið að dagmálum. Þegar minst varði, heyrðust